

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Grundarfirði.

1. gr.

Af hundum í Grundarfirði skal Grundarfjarðarbær innheimta leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 13. gr. samþykktar um hundahald í Grundarfirði, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011.

2. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald kr. 12.000.

3. gr.

Greiðsla vegna hundahreinsunar, skráningar, merkingar og ábyrgðartryggingar er m.a. innifalin í leyfisgjaldi.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald kr. 10.000.

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

5. gr.

Gjalddagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

6. gr.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

7. gr.

Ekki eru tekin leyfisgjöld af einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að halda hund og skal slíkt staðfest með læknisvottorði.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 15. desember 2011 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011 og öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1013/2010.

Grundarfirði, 16. desember 2011.

Sigurlaug R. Sævarsdóttir skrifstofustjóri.